

Aðalfundur Íslandssjóða hf.

10. apríl 2013, kl. 16:00

Ráðagerði, Kirkjusandi 2

Steinunn Bjarnadóttir, stjórnarformaður Íslandssjóða hf. setur fundinn.

Tilnefning fundarstjóra: Kristinn Arnar Stefánsson, regluvörður Íslandsbanka og Íslandssjóða er tilnefndur fundarstjóri. Tillagan var samþykkt samhljóða. Fundarstjóri þakkar fyrir traustið sem honum er sýnt og gengur til dagskrár.

Fundarstjóri

I. Kosning fundarritara

Gerð er tillaga um að Dagmar Clausen Þórðardóttir, lögfræðingur hjá Íslandsbanka sjái um fundarritun og var það samþykkt samhljóða.

II. Kanna lögmæti fundarins

Til fundar hefur verið boðað með löglegum hætti, með 14 daga fyrirvara og er það í samræmi við 7. gr. í samþykktum félagsins. Á fundinn eru mættir fulltrúar hluthafa sem fara samanlagt með 100% hlutfjár. Fundurinn telst því lögmætur.

III. Boðuð dagskrá

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu
3. Starfskjarastefna
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Kosning stjórnar félagsins
6. Önnur mál löglega fram borin

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár

Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra síðastliðið starfsár hvað varðar helstu atriði í rekstri Íslandssjóða hf. síðastliðið starfsár. Fundarstjóri gaf framkvæmdastjóra Íslandssjóða hf. orðið og áréttaði að fundargestum yrði gefinn kostur á að koma fram með spurningar að loknu máli hans. Framkvæmdastjóri Íslandssjóða tók því næst til máls og fór yfir

Þann hluta skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi félagsins s.l. starfsár hvað varðar ársreikning félagsins. Þar næst vék framkvæmdastjóri stuttlega að vexti, þróun og markaðshlutdeild Íslandssjóða hf.

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Fundarstjóri gaf orðið laust. Engin tók til máls um skýrslu stjórnar og endurskoðun ársreiknings.

2. Ársreikningur fyrir árið 2012 borinn upp til samþykktar

Aðalfundur Íslandssjóða samþykkti ársreikning Íslandssjóða hf. fyrir árið 2012.

3. Tillaga stjórnar Íslandssjóða um ráðstöfun hagnaðar á rekstrarárinu 2012

(Sjá tillögu) Aðalfundur Íslandssjóða hf. samþykkti að greiddur verði út arður að fjárhæð 193 milljónir króna vegna reikningsársins 2012, sem samsvarar um 75% af hagnaði ársins. Samþykkt.

4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

(Sjá tillögu) Aðalfundur Íslandssjóða hf. samþykkti starfskjarastefnu félagsins sem er óbreytt frá síðasta ári. Samþykkt.

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

(Sjá tillögu) Aðalfundur Íslandssjóða hf. samþykkti að þóknun til hvers stjórnarmanns verði 180.000 kr. á mánuði, stjórnarformaður fái greidd kr. 260.000 á mánuði og að varamenn fái 80.000 kr. fyrir hvern setinn fund. Samþykkt.

6. Kosning stjórnar Íslandssjóða

(Sjá tillögu) Stjórnin var sjálfkjörin þar sem ekki bárust aðrar tillögur um stjórnarmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum á næsta stjórnarfund.

7. Önnur mál

Fundarstjóri fékk heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í samráði við fundarritara.

Fundarslit

Fundi var slitið kl. 17:00

Dagmar Clausen Þórðardóttir

Kristinn Arnar Stefánsson